

---

## Vestfjarðavegur milli Bjarkalundar og Skálaness í Reykhólahreppi

### Ákvörðun um matsáætlun

---

### Inngangur

Þann 24. september 2015 barst Skipulagsstofnun tillaga að matsáætlun frá Vegagerðinni um fyrirhugaða lagningu Vestfjarðavegar milli Bjarkalundar og Skálaness í Reykhólahreppi samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 10.08 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna hjá Reykhólahreppi, Breiðafjarðarnefnd, Byggðastofnun, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Samgöngustofu, Skógrækt ríkisins og Umhverfisstofnun.

### Gögn lögð fram

Tillaga að matsáætlun: Vestfjarðavegur (60) á milli Bjarkalundar og Skálaness í Reykhólahreppi. Vegagerðin, september 2015.

Umsagnir bárust frá:

- Reykhólahreppi með bréfi dags. 21. október 2015
- Breiðafjarðarnefnd með bréfi dags. 4. október 2015
- Byggðastofnun með tölvubréfi dags. 20. október 2015
- Ferðamálastofu með bréfi dags. 21. október 2015
- Fiskistofu með bréfi dags. 14. október 2015
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 14. október 2015
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 5. október 2015
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 15. október 2015
- Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 2. nóvember 2015
- Samgöngustofu með bréfi dags. 27. október 2015
- Skógrækt ríkisins með bréfi dags. 15. október 2015
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 14. október 2015

Athugasemdir bárust frá:

- Brynju Þ. Þorbergsdóttur og Guðrínu Ólöfu Þorbergsdóttur, dags. 15. október 2015
- Bæjarráði Vesturbyggðar, með tölvupósti dags. 14. október 2015
- Gunnlaugi Péturssyni, með tölvupósti 13. október 2015
- Reyni Bergsveinssyni, með bréfi dags. 15. október 2015

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 5. nóvember 2015.

### Umhverfisáhrif

#### Straumar

Vegagerðin segir í tillögu að matsáætlun að tryggð verði „full vatnsskipti“ við þverun fjarða og telur mega fullyrða að með „fullum vatnsskiptum“ hafi þveranir engin eða hverfandi áhrif á lífríkið.



Hafrannsóknastofnun telur í umsögn sinni að Vegagerðin verði að útskýra hvað felist í því þegar fjallað er um „full vatnsskipti“, við hvað sé miðað og hvernig þau eru reiknuð út.

Í endurupptökubeiðni Vegagerðarinnar 15. janúar 2015 kom fram, sem rök fyrir breyttum forsendum matsins, að frá því umhverfisáhrif Vestfjarðavegar voru metin á þessum kafla árið 2005, hefði safnast mikil reynsla og þekking, sem nú væri nýtt við hönnun á þverun fjarða. Mikilvæg hönnunarforsenda við þveranir fælist nú í að líta til straumhraða.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum líkanreikninga um breytingar á straumum og vatnsskiptum, sýna samanburð fyrir og eftir þverun og leggja mat á umhverfisáhrif. Þar sem straumur á eftir að aukast nálægt brúaropum í fyrirhuguðum þverunum frá því sem nú er og hugsanlega einnig vegna öldurofs í nágrenni vegfyllinga þarf að meta áhrif þess á botnset og eftir atvikum á lífríki.

Í ljósi þeirrar atburða sem áttu sér stað í Kolgrafafirði veturinn 2012-2013 telur Skipulagsstofnun að í frummatsskýrslu þurfi að bera saman aðstæður sem vænta má að verði á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, við aðstæður í Kolgrafafirði. Í framhaldi af því þarf að fjalla um möguleika þess að í Þorskafirði, Djúpafirði eða Gufufirði geti skapast svipaðar aðstæður og urðu í Kolgrafafirði þegar síldardauðinn var þar. Í þeim samanburði þarf að horfa til mikilvægra þátta sem hafa áhrif á gæði vatns, s.s. blöndunar sjávar, súrefnismettunar og seltu.

## **Marhálmur**

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að töluvert sé um marhálma á svæðinu, sem sé á lista OSPAR yfir tegundir sem beri að huga að og gæta þess að ekki sé gengið á útbreiðslu hans eða vaxtarsvæði skert.

Vegagerðin segir í svörum sínum að þar sem full vatnsskipti verði tryggð, muni marhálmur ekki skaðast við framkvæmdirnar.

Í rannsókn á fjörulífi á framkvæmdasvæði Vestfjarðavegar árið 2005 kom m.a. fram að marhálmur hafi fundist á nokkrum sýnatökusvæðum, m.a. í fjörum og ísöltum tjörnum við Hallsteinsnes og þéttur marhálmur hafi verið við Grónes.<sup>1</sup>

Þar sem hluti veglínukosta fer um framangreind svæði getur marhálmur orðið fyrir beinum eða óbeinum áhrifum og því þarf að meta áhrif á hann.

## **Búsvæði fiska og fiskungviðis**

Í tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun er greint frá því að Hafrannsóknastofnun vinni að frumathugun á magni og útbreiðslu fiskungviðis í Þorskafirði og við norðanverðan Breiðafjörð. Niðurstöður þeirra rannsókna muni gefa til kynna hvort fiskar og fiskasvif séu til staðar og hvort þörf er á umfangmeiri vistfræðirannsóknum á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fiska og aðra þætti lífríkisins.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að niðurstöður úr forkönnun stofnunarinnar liggja ekki fyrir, en ljóst sé að fiskungviði sé í fjörðunum og að frekari rannsókna sé þörf.

Vegagerðin svarar því til að ekki sé gert ráð fyrir frekari rannsóknum á fiskungviði en þeim sem Hafrannsóknastofnun vinni nú að. Sú afstaða byggir á rannsókn sem gerð var um áhrif þverunar í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi, sem sýni að ekki sé hægt að finna mun á seiðabúskap fyrir utan og innan

<sup>1</sup> Þorleifur Eiríksson, Böðvar Þórisson. Júlí 2005. Fjörur í Gufudalssveit, Þorskafjörður, Djúpi fjörður og Gufufjörður. NAVE, unnið fyrir Vegagerðina.



þverun. Þar sem þverun í Þorskafirði verði sambærileg sé eðlilegt að gera ráð fyrir því að ekki verði breyting á seiðabúskap við þverunina.

Þegar Skipulagsstofnun tók ákvörðun dags. 26. maí 2015 um endurupptöku á mati á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar um Reykhólahrepp lá meðal annars fyrir umsögn Hafrannsóknastofnunar dags. 17. febrúar 2015. Þar kom fram að stofnunin teldi brýnt að kortleggja allt lífríki Djúpaþfjarðar, Gufufjarðar og Þorskafjarðar með áherslu á fiskungviði áður en heimild til þverana verði veitt, þrátt fyrir að fyrirhugað væri breikkun á brúaropum í þverunum. Fjörur og grunnsævi gegni mikilvægu hlutverki sem uppeldissvæði fjölmargra fiska og hryggleysingja. Undanfarin 25 ár hafi 13 firðir verið þveraðir við Íslandsstrendur, en rannsóknir sem gerðar hafi verið á áhrifum slíkra framkvæmda á lífríkið hafi fram að þessu ekki snúið að áhrifum á búsvæði fiska og fiskungviðis.

Skipulagsstofnun fellst ekki á að rannsóknir í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi geri að verkum að ekki sé þörf á frekari rannsóknum á seiðabúskap í þessu máli Um er að ræða eina rannsókn á öðru svæði þar sem aðstæður eru ólíkar hvað varðar dýpi og fjörugerð. Þá vekur Skipulagsstofnun athygli á nýjum náttúruverndarlögum nr. 60/2013, með breytingum sbr. lög nr. 140/2015. Þar eru í 2. gr. sérstök verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. Þá er í 8. gr. laganna kveðið á um vísindalegan grundvöll ákvarðanatöku og í 9. gr. um beitingu varúðarreglunnar. Nýsamþykktar breytingar á náttúruverndarlögum fólu jafnframt í sér breytingar á skipulagslögum varðandi framkvæmdaleyfi. Þar er kveðið á um að beita skuli varúðarreglunni ef óvissa er um áhrif framkvæmda á vistkerfi eða jarðminjar sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga eða eru í C-hluta náttúruuminjaskrár. Framkvæmdasvæði Vestfjarðavegar er að hluta innan verndarsvæðis samkvæmt lögum um verndun Breiðafjarðar og fellur jafnframt undir vernd skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í ljósi framangreinds þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir niðurstöðum úr forkönnun Hafrannsóknastofnunar á fiskungviði. Þegar niðurstöður forkönnunar liggja fyrir, þarf Vegagerðin í samráði við Hafrannsóknastofnun, að meta hvaða rannsókn er þörf til að leggja mat á áhrif þverana fjarðanna á fiskungviði með fullnægjandi hætti og gera grein fyrir þeim niðurstöðum í frummatsskýrslu.

## **Landslag**

Í tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun er fjallað um hvernig fyrirhugað er að leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar á landslag.

Um er að ræða stórt og fjölbreytilegt landsvæði sem þarf að greina í landslagsheildir byggt á einkennum landslags. Leggja þarf mat á gildi hvernig heildar fyrir sig með hliðsjón af tilgreindum viðmiðum s.s. fjölbreytni náttúrufarsþátta, sérstæðni og verndar- og upplifunargildi og leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar á landslag innan hvernig landslagsheildar fyrir sig og svæðisins í heild.

## **Verndarsvæði – vistkerfi**

Í frummatsskýrslu þarf að taka tillit til þess að framkvæmdin mun hafa áhrif á sjávarfitjar, votlendi og birkiskóga og að um er að ræða vistgerðir sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd, sbr. einnig markmið í 2. gr. laganna, þar sem segir: „Til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því: a. að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.“



Nálgast þarf mat á áhrifum framkvæmdarinnar á hin vernduðu vistkerfi út frá framangreindu markmiði, þ.e. með hvaða hætti framkvæmdin hefur áhrif á þessi vistkerfi í heild sinni en ekki einvörðungu með tilliti til beinnar röskunar og/eða áhrifa á einstakar tegundir.

### Landnotkun

Í athugasemdum hefur verið bent á að gera þurfi grein fyrir framkvæmdunum með tilliti til áhrifa ýmsar sjávarnytjar.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um nýtingu sjávar, svo sem ræktun, veiðar og þangskurð og gera grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á nýtinguna.

### Niðurstaða

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum líkanreikninga um breytingar á straumum og vatnsskiptum, sýna samanburð fyrir og eftir þverun og leggja mat á umhverfisáhrif. Þar sem straumur á eftir að aukast nálægt brúaropum í fyrirhuguðum þverunum frá því sem nú er og hugsanlega einnig vegna öldurofs í nágrenni vegfyllinga þarf að meta áhrif þess á botnset og eftir atvikum á lífríki.
2. Í frummatsskýrslu þarf að bera saman aðstæður sem vænta má að verði á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, við aðstæður í Kolgrafafirði og fjalla um möguleika þess að í Þorskafirði, Djúpafirði eða Gufufirði geti skapast svipaðar aðstæður og urðu í Kolgrafafirði þegar síldardauðinn var þar veturinn 2012-2013. Í þeim samanburði þarf að horfa til mikilvægra þátta sem hafa áhrif á gæði vatns, s.s. blöndunar sjávar, súrefnismettunar og seltu.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðu kortlagningar á vaxtarsvæði marhálms og gera grein fyrir beinni röskun sem hann verður fyrir og/eða óbeinum áhrifum vegna hugsanlegra breytinga á straumum, seti eða öðrum mikilvægum umhverfisþáttum.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum úr forkönnun Hafrannsóknastofnunar á fiskungviði. Vegagerðin verður í samráði við Hafrannsóknastofnun, þegar niðurstöður forkönnunar liggja fyrir að meta hvaða rannsókn sé þörf til þess að meta áhrif þverana fjarða á fiskungviði með fullnægjandi hætti og gera grein fyrir þeim niðurstöðum í frummatsskýrslu.
5. Í frummatsskýrslu þarf að liggja fyrir mat á áhrifum framkvæmdanna á landslag þar sem svæðinu hefur verið skipt í landslagheildir byggt á greiningu á einkennum landslags. Leggja þarf mat á gildi hvernar heildar fyrir sig með hliðsjón af tilgreindum viðmiðum s.s. fjölbreytni náttúrufarsþátta, sérstæðni og verndar- og upplifunargildi og leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar á landslag innan hvernar landslagsheldar fyrir sig og svæðisins í heild.
6. Í frummatsskýrslu þarf að nálgast mat á áhrifum framkvæmdanna á leirur, sjávarfitjar, votlendi og birkiskóga sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd, sbr. einnig 2. markmiðsgrein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 með breytingum sbr. lög nr. 140/2015, þ.e. með hvaða hætti framkvæmdin hefur áhrif á þessi vistkerfi í heild sinni en ekki einvörðungu með tilliti til beinnar röskunar og einstakra tegunda.



- 
7. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um nýtingu sjávar, svo sem ræktun, veiðar og þangskurð og gera grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á nýtinguna.

Jafnframt viðhafi framkvæmdaraðili það verklag sem hann kynnti í bréfi dags. 5. nóvember 2015, þar sem hann brást við framkomnum umsögnum og athugasemdum.

Reykjavík, 1. desember 2015

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson